



Handrit fyrir kynna í Unbrokendeildum 2024-2025



Uppfært eftir leiðbeiningum CEV, ágúst 2024

14 mín fyrir leik. Á meðan upphitun stendur má kynna leikmannalista beggja liða. Ávallt skal byrja á að kynna gestaliðið.

4 mín fyrir leik flauta dómarar og leikmenn fara út af vellinum.

3,5 mín fyrir leik raða lið sér á endalínu síns vallarhelmingis.

Kynna skal deildina og hvaða lið eru að mætast (ekki fyrirliðar eða þjálfarar eins og hefur verið áður).

Dæmi: Góðan daginn og verið velkomin í íþróttahúsið _____ þar sem lið _____ (gestalið) mætir heimaliði _____ í Unbrokendeild kvenna/karla.

Lið fara svo að neti og heilsast.

2 mín fyrir leik eru dómarar kynntir

Dæmi: Aðaldómari leiksins er _____ og aðstoðardómari _____.

1,5 mín fyrir leik er byrjunarliðin kynnt ásamt þjálfara (gestalið fyrst).

Við kynnum til leiks byrjunarlið _____ (gestalið) númer xx (nafn) ..., númer xx (nafn) ... og frelsingi númer xx (nafn). Þjálfari _____ (gestalið) er _____ (nafn).

Svo sama fyrir heimaliðið.

Góða skemmtun!

Kynnar skulu einnig á meðan leik stendur:

- Tilkynna hver tók leikhlé og í hver staðan er þegar leikhlé er tekið.
 - *Dæmi: (lið) tekur leikhlé í stöðunni x:x (alltaf segja fyrst stig þess liðs sem tekur leikhléið).*
- Kynna skiptingar með nafni og númerum leikmanna sem skipta.
 - *Dæmi: (lið) gerir skiptingu í stöðunni x:x. Leikmaður númer xx (nafn) kemur inn á fyrir leikmann númer xx (nafn).*
- Tilkynna sigurvegara og stöðu í lok hveðrar hrinu og í lok leiks.
 - *Dæmi (lið) vinnur hrinuna x:x og leiðir leikinn x:x.*